

Kæri skátaforingi,

Landsmót skáta 2020 er á næsta leyti og þemað í ár er Byggjum betri heim! Á Landsmótinu ætlum við að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðana um sjálfbæra þróun. Dagskrárteymi Landsmóts og Heimsmarkmiðastýrihópur BÍS hafa því búið til vetrarverkefna pakka til þess að kynna heimsmarkmiðin fyrir skátunum áður en þau mæta á Landsmót. Það er tilvalið að nýta vetrarverkefnið til þess að kynna Landsmót fyrir skátunum sínum sem og að nýta Byggjum betri heim! verkefnapakkan til þess að kynnast Heimsmarkmiðunum enn betur.

Vetrarverkefnið er hægt að vinna á marga mismunandi vegu og við hvetjum ykkur til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn! Hver flokkur hefur formlega verkefnavinnuna með því að senda inn sína hugmynd að verkefni til BÍS.

Tilgangur verkefnisins er að skátarnir kynni sér heimsmarkmiðin, velji sér nokkur sem að þau hafa sérstakana áhuga á og búa svo til verkefni í kringum þau sem að hefur áhrif á nærumhverfi skátans; hvort sem það er bæjarfélag skátanna, hverfið þeirra, fjölskyldan eða umhverfið í kringum skátaheimilið. Verkefnið teygir þannig anga sína út fyrir skátahreyfinguna og skátarnir hafa áhrif til góðs í samfélaginu um land allt.

Hugmyndum að verkefnum skal skila inn fyrir 15. febrúar 2020.

Ferðasögunni skal skila inn fyrir 1. maí 2020.

Verkefninu skal skila inn annaðhvort á vetur@skatar.is eða í Skátamiðstöðina í Hraunbæ 123.

Við hvetjum foringja til að vera dugleg að taka myndir af verkefnunum og leyfa skátunum að leiða verkefnið á sínum eigin forsendum og taka virkan þátt í endurmatinu.

Allar gagnlegar upplýsingar fyrir verkefnavinnuna eru inni á skatamot.is. Þar má til dæmis finna þetta bréf, Byggjum betri heim! verkefnapakkan, þátttakendarammann og fleira!

Ef upp vakna spurningar þá má allaf senda póst á vetur@skatar.is eða á berglind@skatar.is

Gangi ykkur vel!

